



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 22. júlí 2024 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Ívar Hauksson, Sigurður Elmar Birgisson, Hákon Leifsson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

### **1. Kerrusvæði**

Rætt um hvernig sé hægt að skipuleggja kerrusvæðið. Hugmyndin er að setja upp aðgangshlið og vera með öryggismyndavél á svæðinu. Þá þarf að merkja kerrusvæðin svo hver og einn geti keypt sér sitt stæði. Óskað verður eftir tilboðum í hlið og merkingar sem verður kynnt á næsta stjórnarfundum.

### **2. Beitarhólf**

Úthlutun beitarhólfa hefur farið fram og voru 54 manns sem sóttu um 44 hólf. Úthlutun gekk vel og félagsmenn almennt ánægðir með úthlutunina. Rætt er um í stjórn að reyna að hygla þeim sem sjálfboðaliðum sem vinna ákveðið marga tíma að þeir fái forgang í næsta árs úthlutun.

### **3. Verðskrá félagshésthúss 2024-2025**

Stjórn samþykkir að hækka verðskrá félagshésthússins um 10%.

### **4. Veggir í anddyri**

Framkvæmdastjóri óskar eftir að fá heimild fyrir því að halda veggjum sem settir voru upp tímabundið vegna Landsmóts í anddyri reiðhóllarinnar. Rýmið sem veggirnir afmarka myndu sóma sér vel sem nýtt fundarrými fyrir stjórn og nefndir Fáks. Þá er aukið hagræði í því að hafa fundaraðstöðuna þar sem skrifstofur og starfsemi félagsins fer fram alla jafna. Kaupa þarf þjónustu til að teikna rýmið upp og senda á umsagnaraðila. Mun framkvæmdastjóri upplýsa stjórn um fyrirhugaðann kostnað.

Stjórn samþykkir að sækja um leyfi fyrir þessi.

### **5. Erindi frá Almannadalsfélaginu**

Erindi frestað til næsta fundar stjórnar.

**Fundi slitið 19:15.**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**